

Svart með rauðu ívafi

MYNDLIST
ANNA JÓA

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
HAFNARHÚS | Skuggadrengrur –
Heimur Alfreðs Flóka
Til 10. maí 2009. Opíð alla daga. Að-
gangur ókeypis. Sýningarstjóri: Sjón

Þeir sem kunnugir eru myndum Alfreðs Flóka Nielsen (1938-1987) vita að þar er á ferð hræður og annarlegur heimur, hlaðinn dulspökulegum táknum. Við upphaf heimsóknar á sýninguna „Skuggadrengrur – Heimur Alfreðs Flóka“ í Hafnarhúsinu, Listasafni Reykjavíkur, er gestum boðið að feta sig inn dauflýstan gang með svart- og rauðmáluðum veggjum en þar innst er sjálfmynd af fölum skuggadrengrum sem þírur á þá augum. Hugsanlega læðist þá grunur að sýningargestum að ritúalísk athöfn af einhverju tagi bíði handan við hornið – svo ekki sé talað um þegar heimsóknina ber upp á föstudaginn þrettándaga eins og í tilvikum undirritaðrar.

Myndheimur Flóka er spenninn úr þráðum fantasiunnar eins og hún teygir sig í gegnum surrealistmann, aftur til sýningargestum og síðromantískra strauða í evrópskrri menningu, ekki síst bókmenntum, á síðari hluta 19. aldar. Slíkir strauðar hafa verið í upp-sveiflu í myndlist síðustu ár, hér sem erlendis. Má því segja að sannarlega hafi verið tímabært að setja upp yfirlitssýningu á verkum Flóka til að minna á sérstöðu hans og áhrifaþátt í íslenski listasögu. Flóki var afbragðsteiknari og býr þéttfinn merkingarvefur mynda hans yfir myrkri og gráglettinni ástríðu.

Á sýningunni er raunar leitast við að draga fram ímynd af Flóka sem „költ“-fígúru; ólíkindatöli og áhrifavaldi í íslensku lista- og menningarlífi – ímynd sem hann átti sjálfur markvissan þátt í að skapa. Þegar inn er komið blasa við blaðaúrkippur á vegg þar sem



Persóna Þetta er sýning sem býður í senn upp á ítarleg kynni af myndheimi Alfreðs Flóka og vangaveitur um persónu listamannsins.

Flóki er nákvæmur og yfirvegaður teiknari, penninn nýtur þess að gæla við formin og seiða fram hægt en örugglega – og með sæluhrolli

lesa má viðtöl við Flóka allt frá því að hann steig fyrst fram á sjónarsviðið í kringum 1960. Viðtölunum var í mörgum tilvikum „slegið upp“, látið á þeim bera í dagblöðunum – í samræmi við þá athygli sem hann vakti – og eru þau ítarleg og með myndum af Flóka sjálfum. Fer hann þar mikinn í yfirlýsingum sem voru að sjálfsögðu ekki, fremur en myndverk hans, í takti við tíðarandann, hvorki í myndlistinni eða samfélaginu yfirhöfuð. Flóki hikar þar

(og í útvarpsviðtölum sem hlusta má á með heymartölum) ekki við að hæla sjálfum sér, og ræða tabú eins og kynlíf og djöfulinn. Annars staðar má lesa frásagnir eða ljóð eftir t.d. Elías Mar, Dag Sigurðarson, Megás, Jóhann Hjálmarsson og Nínu Björk Árnadóttur, sem lýsa kynnum af Flóka. Í sama rými, undir yfirskriftinni „Ég“, eru til sýnis sjálfsmýndir Flóka ásamt skissum, sýningarskrám, boðskortum, ljósmyndum og teikningum frá æskuárunum – og

auðvitað stjórnukort – í sýningarborði. Þarna má því skynja samsetta mynd af listamanninum, ekki síst sjálfhverfum hliðum er lútu að könnun inn á við. Á stórrí sjálfsmýnd frá árinu 1975 minnir Flóki helst á spámann – sem sér lengra en nef hans nær.

Yfirlit annarra teikninga og graffíkverka hans má svo sjá í sal B, þar sem einnig eru tveir rauð- og svartmálaðir veggir og fer vel á því. Myndverkin eru flest svart-hvít, en hann notaði einnig rauðkít og kol og eru því sum verkanna rauðleit eða grátóna og gædd meiri mýkt en sést í penna-teikningunum. Kolateikning frá 1965 sker sig úr fyrir expressjónísk vinnubrögð. Flóki er nákvæmur og yfirvegaður teiknari, penninn nýtur þess að gæla við formin og seiða fram hægt en örugglega – og með sæluhrolli – myndir úr afkimum hugans: þráhyggjukennnd mótíf eins og munna af ýmsu tagi; lævis glott eða kvensköp, ásækin augnaráð, brjóst og nöðrukenna limi, kynjaverur og óseðjandi, hárrúðar vampírkonur. Skuggaverum þessum er stíllt upp á státskan hátt á þröngu, dimmleitu sviði, séðum frá hlið eða framan frá. Í margbrotnum tákheiminum svífur „dekadens“, nautnalegur hnignunarándi, yfirvötnum ásamt martraðarkennndum óhugnaði sem tilvitnun í Gérard de Nerval (á vegg) undirstríkar. Í ljóðum á sulum salarins, m.a. eftir sýningarstjórnann sjálfan, Sjón, býr svo túlkun á myndverkunum sem eykur á stemninguna.

Þetta er sýning sem býður í senn upp á ítarleg kynni af myndheimi Alfreðs Flóka og vangaveitur um persónu listamannsins. Þá er lögð áhugaverð áhersla á menningarlegt samhengi listsköpunar hans. Í því sambandi kvikna ýmsar hugmyndir um mögulegt sýningarhald þar sem setja mætti í magnað samspil verk eftir Flóka, Einar Jónsson myndhöggvara, sumar myndir Kjarvals, auk verka fleiri góðra listamanna af eldri og yngri kynslóðum.

Í GANGI

DANS

Velkominn heim
Íslenski dansflokkurinn

Borgarleikhúsið „Tónlistin spilar afar mikilvægt hlutverk í þessari sýningu og virðist ráða mörgu hvað varðar spennu og hraða. Hún er hátt stíllt nánast allan tímann, stundum of hátt stíllt, en alltaf frumleg. Slagverksatriðið í lok sýningarinnar er einnig mjög skemmtilegt þó að það sé í lengri lagi.

Velkomin heim byrjar mjög vel og endar mjög vel en villist af leið á nokkrum stöðum. Getur verið að ástæðan sé sú að þír danshöfundar togi verkið í of margar áttir?”

Martin Stephan Regal

LEIKLIST

Sannleikurinn
Borgarleikhúsið

„Hún er erfið sú list að gera út á aulafyndni. Í leikmynd og leikstjórn er vissulega brugðist við því og haldið áfram þeirri tilraun sem gerð var í „Baðstofunni“ í Þjóðleikhúsinu á síðasta ári: að uppfæja vankunnáttu. Falleg umgjörðin, litla sviðið, Borgarleikhúsið verða að einhver konar óði til aulafyndni Péturs Jóhanns og Sigurjóns Kjartanssonar og afhjúpa iskyggilega um leið – af því að hún uppfyllir ekki þær kröfur sem leikhúsið gerir – algjört innihaldsleysi hennar.“

Maria Kristjánsdóttir



Hart í bak

Þjóðleikhúsið

„Uppfærsla Þjóðleikhússins er hefðbundin, þá er átt við að aðstandendur sýningarinnar eru trúir höfundarverkinu. Þarna er ekki einhver „leikstjórnarsýning“ á ferðinni, heldur er tekst á við textann og efnið af virðingu við höfundinn og tíðaranda verksins. Einhver kann að spyrja hvort uppfærsla í hefðbundnum stíl eigi erindi við áhorfendur í dag.“

Ingibjörg Þórisdóttir

KVIKMYNDIR



The Reader ★★★★★☆

„Fyrst og fremst sýnir Rourke ótrúlega túlkun í hlutverki Robinsons. Hann þekkir þetta líf persónulega frá þeim árum sem hann stundaði hnefaleika og síðar er hann hafði lítið umleiki í kvikmyndunum. Að auki er leikarinn sannfærandi í útliti, orðinn ærið þreytulegur, áratuga sukk er farið að setja mark sitt á karlinn, sem þó heldur þýsna mikilli reisn og gerir þennan útskúfaða glímukappa, sjarmerandi á sinn groddalega hátt.“


Sæbjörn Valdimarsson

Frost/Nixon ★★★★★☆

„Frost/Nixon er fyrst og fremst gerð fyrir nýja kynslóð bíógesta, einkum í Bandaríkjunum, sem hafa takmarkaða hugmynd um Watergate-málið og víðtæk áhrif þess á ekki aðeins Bandaríkjamenn heldur alla heimsbyggðina. Djúpa skömm og útskúfun eins valdamesta manns á öldinni sem leið, manns sem gerði líka góða hluti sem eru löngu fallnir í gleymsku undir þykkri mykju-skán Watergate. Sú saga er harmleikur sem er sjálfsgat að haldið sé á lofti en sú söguskoðun sem kemur fram í myndinni minnir óneitanlega á orð hins fallna forseta: „Ég fékk þeim sverð og þeir sneru því í sárinu.“

Sæbjörn Valdimarsson

MYNDLIST



Galleri Turpentine

JBK Ransu - Tómt ★★★★★☆

„Lögun málverkanna er óregluleg og minnir á risastórar, uppstækkaðar slettur, en slettan sem fyrirbæri á myndfleti hefur áður verið viðfangs-efni Ransu og vísar til aðferða athafnamálara á 20. öldinni eins og Jackson Pollock sem slettu málningu á myndflötum. Hér er slettan tekin úr upprunalegu samhengi sínu og birtist á nýjan hátt, rænd tilviljanakenndum eiginleikum sínum minnir hún á að á endanum var slettan orðin að markaðssettu vörumerki.“

Ragna Sigurðardóttir

Gagnvirkni og merkingardrög


MYNDLIST
ANNA JÓA

100° / GALLERÍ ÁGÚST | Steingrímur Eyfjörð
Við erum hinir/hinir eru við / Teikningar Et skissur.
100°: til 20. mars 2009. Opíð alla virka daga
Gallerí Ágúst: til 7. mars 2009. Opíð mi.-lau.
Ókeypis aðgangur.

Steingrímur Eyfjörð hefur verið áberandi í sýningarsólum borgarinnar á undanförunum misserum. Hann byrjar nýja árið af krafti og nú standa yfir tvær sýningar á verkum hans; önnur í 100°, rúmgóðum sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi, og hin í Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12. Á þeirri fyrrnefndu getur að líta ný og nýleg verk en á þeirri síðarnefndu eru til sýnis teikningar og skissur úr förum listamannsins, sem mæðgurnar Sólveig Bjarnadóttir bóksafnsfræðingur og Elín Þórhallsdóttir listfræðinemi hafa tekið að sér að flokka og sýna í samvinnu við Steingrím.

Samstarf er raunar leiðarstef á myndlistarferli Steingríms og um leið eitt af því sem gefur verkum hans sérstöðu. Í verkunum *Ásýnd Guðs*, *Við erum hinir/hinir eru við* og *Memegvesi/huldúlfk* í sýningarrýminu 100° veltir hann vöngum yfir huldum heimum, annars vegar með því að vinna eftir fyrirmælum eða veita sjálfur fyrirmæli, og hins vegar í áhugaverðum viðtölum við þjóðfræðinga sem hafa m.a. rannsakað menningu frumbyggja í Norður-Ameríku og þjóðsagnaarf Íslendinga. Heimsókn á sýninguna krefst lesturs og hlustunar ekki síður en sjónrænnar skynjunar.

Verkið *Við erum hinir/hinir eru við* samanstendur af texta, myndum og ljósakössum;



Morgunblaðið/RAX

Við erum við Framsetning verksins er skýr og skemmtileg og til þess fallin að kveikja óræð viðbrögð, segir m.a. í dómi gagnrýnanda.

nokkurs konar frásagnarkenndum drögum sem sýningargestum er ætlað að vinna úr og taka þar með gagnvirkum hætti þátt í sköpunarferlinu. Framsetning verksins, sem ein-kennist af vissri endurtekningu, er skýr og skemmtileg og til þess fallin að kveikja óræð viðbrögð í samspili sjón- og formskynjunar sem tengist skynheildarsálfræði. Merking og merkingarleysi vega salt í þessu hómoríska verki sem virðist spröttið af einlægum áhuga listamannsins á innri sem ytri víddum og mótunaröflum tilverunnar.

Á sýningunni í Gallerí Ágúst má svo öðlast

Á sýningunni má svo öðlast frekari innsýn í vinnubrögð Steingríms og hvernig hann rýnir stöðugt í merkingu hlutanna [...].

frekari innsýn í vinnubrögð Steingríms og hvernig hann rýnir stöðugt í merkingu hlutanna, efnir til samræðu við aðra og heldur þannig merkingarstarfinu gangandi. Verkin spanna 30 ára feril; fletta má bunkum og stöflum af verkum á pappír, skoða skissubækur eða virða fyrir sér veggverk af ýmsu tagi. Í eldri verkum gætir áhrifa frá Dieter Roth í meðferð prentaðs og skrifaðs texta, krots, teikninga (sem unnar eru með t.d. blýanti, gvassi, tússi eða bleki) og notkunar stimpla, límbands og Polaroid-mynda. Einnig má sjá að Steingrímur hefur fljótlega fundið sinn tjáningarmáta og þróað með sér eigin aðferðir og forsendur.

Sýningar á skissum og undirbúningsvinnu listamanna leiða gjarnan ýmislegt forvitnilegt í ljós. Skil milli skissuformis og hins „full-unnna“ eru hins vegar óljós í verkum Steingríms og því fátt sem kemur á óvart á sýningunni – auk þess er skammt síðan yfirlitssýning var haldin um feril hans í Listasafni Íslands. Sólveig og Elín hafa á hinn bóginn unnið gagnlegt starf við flokkun verkanna og gegnsæi ferlisins (þ.e. með sýningarhaldinu) á sér vissa samsvörum í skráningar- og sýningarferli Nýlistasafnsins að undanförunu. Og vissulega felur framlag þeirra mæðgna í sér skapandi úrvinnslu á merkingardrögum listamannsins.